



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

Tíu leiðir til að auka árangur fyrir Ísland

Mái 2003

Verslunarráð Íslands

# Inngangur

Ríkisstjórnir Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa náð miklum árangri í efnahagsmálum og stuðlað að því að Íslendingar eru nú á meðal þeirra þjóða sem við bestu lífskjör búa.

Á síðasta áratug hefur átt sér stað hugarfarsbreyting. Hlutverk hins opinbera hefur breyst þannig að ekki er það lengur talið hlutverk ríkisins að miðstýra hagkerfinu og starfrækja margvíslega sjóði og fyrirtæki. Nú er hlutverk ríkisins fyrst og fremst að móta almennar leikreglur, styðja við bakið á þeim sem minnst mega sín og kappkosta að frumkvæði einstaklinganna fái notið sín.

Verslunarráð Íslands hvetur til þess að núverandi stjórnarflokkar, sem staðið hafa í viðræðum um áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf, hafi áfram þann metnað að halda Íslandi á meðal þeirra þjóða í heiminum sem bestu lífskjörin bjóða. Slíkt markmið gerir miklar kröfur til atvinnulífsins sem er reiðubúið til að halda áfram að auka hagræðingu með það að markmiði að skila meiri framléðni og auka enn frekar verðmætasköpun. Til þess að þetta geti gerst verða fyrirtæki í landinu að geta treyst á áframhaldandi góð skilyrði til vaxtar. Markvisst verður því áfram að vinna að því að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra. Að halda Íslandi á meðal tíu bestu útheimtir bæði langtímasýn og áhuga fyrir nýjum hugmyndum sem bætt geta efnahaginn en án þeirra verða engar framfarir.

Verslunarráð Íslands vekur athygli á því á að lífskjör í landinu batna aðeins með bættu starfsumhverfi fyrirtækja og betri rekstri. Um leið og fyrirtækjum vegnar vel skapast ný og vel launuð atvinnutækifæri. Það hefur líklega aldrei verið brýnna en nú að treysta starfsskilyrði fyrirtækja og starfsfólks þeirra, nú á tímum þegar bæði fólk og fyrirtæki eru mun hreyfanlegri en áður.

Framundan er tímabil aukinnar eftirspurnar eftir vinnuafli og því brýnna nú en nokkurn tíma að stjórnvöld nýti það tækifæri að draga úr spurn hins opinbera eftir vinnuafli.

Verslunarráð Íslands fagnar þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum á undanförunum árum og hvetur til þess að áfram verði haldið á þeirri braut að auka frjálsræði á öllum sviðum efnahagslífsins.

Verslunarráð Íslands bendir á tíu leiðir til að bæta árangur fyrir Ísland og hvetur til þess að þær verði teknar til gagn Gerrar skoðunar í þeirri vinnu sem framundan er við gerð nýs stjórnarsáttmála. Þessar tillögur miða fyrst og fremst að því að bæta árangur á öllum sviðum þjóðlífsins til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

# Tíu leiðir

## 1. Ráðdeild í ríkisrekstri

Ein stærsta ógnin við íslenskt atvinnulíf um þessar mundir er hátt gengi íslensku krónunnar. Íslenskar útflutningsgreinar hafa þurft að búa við mikinn óstöðugleika stóran hluta síðustu áratuga, hvort sem það var vegna mikilla launakostnaðar- eða verðhækkana innanlands, mikils viðskiptahalla eða sveiflna á gengi íslensku krónunnar. Til þess að mæta þessum sveiflum hafa fyrirtæki hagrætt og aukið framleiðni. Þá hafa stjórnvöld, með ábyrgri hagstjórn undanfarið, lagt sitt af mörkum til að auka hér stöðugleika. Umtalsverð hætta er þó á því að viðvarandi óstöðugleiki, t.d. á gengi krónu, leiði til þess að fyrirtæki flytji starfsstöðvar sínar nær mörkuðum sínum. Aðhald í rekstri hins opinbera er ein haldbesta leiðin til að draga úr þenslu, hækkun vaxta og gengis.

Sífelld hækkun opinberra útgjalda er verulegt áhyggjuefni. Það er ekki síst á tímum góðæris sem mest hætta er á að útgjöld ríkissjóðs aukist og aðhald í ríkisrekstrinum minnki. Á slíkum tímum dregur úr framleiðni ríkisfyrirtækja og sóun segir til sín í ríkisrekstrinum.

Nú eru starfræktar um 230 ríkisstofnanir. Einföldun ríkisrekstrarins er ein besta leiðin til að draga úr útgjöldum til lengri tíma. Mikilvægt er að ný ríkisstjórn hefji vinnu við fækkun ríkisstofnana með niðurlagningu og sameiningu þeirra. Ráðið leggur til að ný ríkisstjórn setji sér þau markmið að ríkisstofnunum fækki um 30-40 talsins á næstu fjórum árum. Með fækkun ríkisstofnana má gera ríkisreksturinn einfaldari og auka hagkvæmni þeirra ríkisstofnana sem eftir verða. Íslenskar ríkisstofnanir hafa margar hverjar bætt þjónustu og aukið tæknivæðingu til hagsbóta fyrir skattgreiðendur. Með skýrari markmiðum í ríkisrekstrinum og fækkun stofnana má gera enn betur við að bæta þjónustu við skattgreiðendur fyrir minna fé.

Ýmsar stofnanir má nefna sem endurskoða þarf starfsemi á. Mikilvægt er að svara kalli tímans og afnema einkasölu ríkisins á áfengi. Þá má nefna fækkun skattstofa og sýslumannsembætta. Loks má nefna að nýverið hafa samtök viðskiptabanka og sparisjóða bent á kosti þess að færa verkefni Íbúðalánasjóðs til bankakerfisins. Undir það tekur Verslunarráð Íslands.

Mikilvægt er að á næstu árum verði ríkisfyrirtæki áfram einkavædd. Þar má nefna Landssíma Íslands, Íslandspóst og fyrirtæki í orkugeira.

Fyrir rúmum áratug voru tekin upp rammafjárlög sem höfðu afgerandi áhrif á ríkisreksturinn. Með rammafjárlögum var ábyrgð flutt til fagráðuneyta og öll meðferð opinberra fjármuna gerð skilvirkari. Á síðustu árum hafa komið fram veikleikar í fjárlagaferlinu sem þarf að ráða bót á. Þessir veikleikar koma m.a. fram í því að aðhald með útgjöldum stofnana hefur minnkað. Þá hafa orðið verulegar hækkningar á útgjöldum í fjárlagafrumvarpi í meðförum þingsins.

*Verslunarráð leggur til að sett verði á laggirnar sérstök hagræðingarnefnd með svipuðu sniði og einkavæðingarnefnd sem hafi það hlutverk að vinna að einföldun ríkisrekstrarins og sparnaði næstu fjögur ár. Verslunarráð Íslands leggur til að Alþingi og ný ríkisstjórn eigi samráð um nýjar leiðir sem styrki fjárlagagerðina þannig að aðhald á útgjöld einstakra stofnana aukist. Verslunarráð Íslands leggur*

*einnig til að gerð verði áætlun til nokkurra ára í senn um útgjöld ríkisins sem verði hluti af fjárlagafrumvarpi.*

## **2. Skattamál**

Lækkun tekjuskatts fyrirtækja á undanförunum árum er einhver árangursríkasta leið sem farin hefur verið til að treysta íslenskan atvinnurekstur og eykur um leið skatttekjur ríkisins. Mörg öflug fyrirtæki, sem hafa fjárfest umtalsvert í öðrum löndum og stunda aðallega rekstur utan Íslands, hafa valið Ísland sem móðurland starfseminnar. Ástæður þessa eru fyrst og fremst þær að skattaumhverfið hér er hagstætt þessum fyrirtækjum. Þannig hefur tekist að stækka skattstofninn með lækkun skatthlutfallsins.

Árangur skattstefnunnar undanfarin ár sýnir svo ekki verður um villst þá möguleika sem felast í því að lækka skatthlutföll og einfalda skattkerfið; fyrirtæki eflast, kaupmáttur heimilanna eykst, undanskot minnka og skattstofnar stækka. Áframhaldandi lækkun skatta samhliða ábyrgri fjármálastefnu ríkisins á því að vera forgangsverkefni nýrra ríkisstjórnar.

Verslunarráð Íslands varar sérstaklega við hugmyndum um nýja skattheimtu eins og gistináttgjaldi og gjaldi á gosdrykki sem hugmyndir hafa verið kynntar um á undanförunum mánuðum. Allir eru þessi nýju „smáskattar“ kynntir sem leiðir til að auka tekjur ríkisins sem á að nýta til ýmissa misnauðsynlegra verkefna. Það hefur margoft sýnt sig að vandamál verða ekki leyst með sköttum og þjóðfélagið þrífst ekki á því að fólk skattleggi hvert annað. Smáskattar hér og hvar leiða til þess að skattkerfið verður flóknara, fjölga þarf skattheimtumönnum hins opinbera og enn fleiri starfsmenn í fyrirtækjunum þarf til þess að sinna innheimtunni.

*Verslunarráð Íslands hvetur til þess að ríkisstjórnin lækki áfram skatta og geri skattkerfið einfaldara og gegnsærra. Þá hvetur ráðið til þess að stimpilgjöld verði afnumin og eignarskattur felldur niður.*

## **3. Eftirlitsiðnaðurinn í brennidepli**

Á undanförunum árum hefur eftirlitsstarfsemi hins opinbera orðið víðtækari. Ýmsir hnökrar hafa komið fram í eftirlitsstarfi þess. Gera þarf eftirlitsstarfsemina skilvirkari. Þá er mögulegt að eftirlitið sé fært til fyrirtækjanna sjálfra m.a. þannig að gæðavottun innan fyrirtækjanna, sem nú hefur fært í vöxt bæði héraðs og erlendis, komi í stað opinbers eftirlits. Með lögum um eftirlitsstarfsemi var stefnt að samhæfingu eftirlits og vandaðri vinnubrögðum. Þá var stefnt að því að ávallt væri reiknaður út kostnaður atvinnulífsins af eftirlitsstarfsemi. Kostnaðarmat vegna nýrra laga og reglna um eftirlitsstarfsemi hefur á hinn bóginn ekki verið fullnægjandi að mati Verslunarráðs Íslands. Það er mikilvægt að á þessu sé tekið með faglegri hætti en nú er.

*Verslunarráð Íslands hvetur til þess að ný ríkisstjórn taki til áframhaldandi skoðunar eftirlitsstarf hins opinbera með það að markmiði að gera það skilvirkara og auka ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra. Um leið er hvatt til þess að lögum um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sé framfylgt með faglegri hætti en verið hefur.*

#### **4. Efling framhaldsskóla og háskóla**

Alþjóðavæðing og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þar með lífskjör heimilanna til framtíðar hvílir á kunnáttu og reynslu starfsmanna fyrirtækjanna. Því er mikilvægt að hlúa að menntun í landinu. Þekking er einstök auðlind en hún er gædd þeim eiginleika að því meira sem hún er nýtt því hraðar breiðist hún út. Á allra síðustu árum hefur valkostum í menntun fjölgað umtalsvert á háskólastigi og hafa þessir nýju valkostir styrkt menntun í landinu. Með fjölbreytninni er einstaklingunum þjónað betur og minni líkur til þess að í landinu sé fjöldaframleiðsla á einsleitu fólki. Ávinningur af fjölgun valkosta í háskólanámi mun án efa koma enn betur í ljós á næstu árum; nemendum mun fjölga og samanburður og heilbrigð samkeppni verður til. Nýrri ríkisstjórn gefst kostur á að fylgja eftir þessari vendingu í íslensku menntakerfi með því að hlúa enn frekar að fjölbreyttri háskólastarfsemi hérlandis og efla einkarekstur á framhaldsskólastigi.

Útflutningur þekkingartengdrar vöru og þjónustu hefur margfaldast á undanförunum árum og útrás íslenskra fyrirtækja byggir fyrst og fremst á þekkingu. Þannig hefur aukin fjárfesting atvinnulífsins og hins opinbera í vísindum og rannsóknum skilað sér með margvíslegum hætti. Á næstu árum gefst tækifæri til þess að treysta stöðir og auka samkeppni í vísindum og rannsóknum hérlandis.

*Verslunarráð Íslands hvetur til þess að samið verði við fleiri einkaaðila um rekstur framhaldsskóla á næstu árum. Þá leggur Verslunarráð Íslands til að háskólar keppi um fjárveitingar til rannsókna. Í þeim efnum er atvinnulífið einnig reiðubúið að taka aukinn þátt með samstarfi við háskóla og stuðla þannig að hagnýtari rannsóknum sem bæta munu lífskjör til lengri tíma titið.*

#### **5. Varðstaða um einkarekstur á grunnskólastigi**

Á undanförunum mánuðum hefur komið í ljós að ýmsir eru beinlínis andsnúnir einkarekstri skóla á grunnskólastigi. Telja þeir aðilar að ekki sé hagkvæmt að halda samhliða úti einkarekstri og opinberum rekstri, í skólakerfinu og því sé rétt að draga úr starfsemi í einkarekstri á þessu sviði eða að auka hann að minnsta kosti ekki. Stuðningur við einkaskóla hefur verið minni en við opinbera skóla og einkaskólar hafa þurft að búa við óöryggi í fjármálum sínum. Nemendur einkaskóla hafa ekki staðið jafnfætis öðrum nemendum hvað varðar þátttöku sveitarfélaga í námskostnaði þeirra.

*Verslunarráð Íslands leggur á það áherslu að einkaskólar, bæði leikskólar og grunnskólar, búi við traustara starfsumhverfi en það sem boðið hefur verið upp á hjá nokkrum sveitarfélögum á síðustu árum. Þýðingarmesta breytingin í þessum efnum er að ríkisstjórnin beyti sér fyrir því að fjárframlög til einkaskóla hjá sveitarfélögum verði lögbundin og ráðist framlagið af útreiknuðu meðaltali við rekstur allra skóla á svæðinu.*

## **6. Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi**

Í nýlegri athugun Háskólans í Reykjavík kemur fram að hlutfallslega margir Íslendingar telja sig hafa hæfileika, kunnáttu og reynslu til þess að stofna fyrirtæki. Búa þarf frumkvöðlum ákjósanlegt starfsumhverfi. Mikilvægt er að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum í stofnun og starfsemi nýrra fyrirtækja.

Á næstu árum munu framkvæmdir tengdar álveri á Reyðarfirði og stækkun álvera á suðvesturhorni landsins verða allsráðandi í fjárfestingum hérlendis. Á tímum sem þessum er ávallt hætta á því að stórar fjárfestingar og þenslan sem þeim fylgir ryðji minni nýsköpunarverkefnum burt; áherslur stjórnvalda eru á stórverkefni, þensla er á vinnumarkaði og gengi óhagstætt útflutningsfyrirtækjum.

*Verslunarráð Íslands hvetur til þess að ný ríkisstjórn láti skoða hvernig best megi verja og styðja þá nýsköpunarstarfsemi sem þróast hefur hérlendis á undanförunum árum.*

## **7. Valkostir í velferðarkerfinu**

Leita þarf allra leiða til að auka hagkvæmni í velferðarkerfinu og fá betri þjónustu fyrir lægra verð. Nýverið lýsti ASÍ yfir áhuga á því að einkaaðilum yrðu falin verkefni á sviði heilbrigðismála sem leiddu til aukinnar hagræðingar en ekki aukinna útgjalda fyrir notendur þjónustunnar. Á undanförunum misserum hefur kveðið við nýjan tón í umræðum um einkarekstur í velferðarmálum eins og best sést á tillögum ASÍ. Með því að hleypa einkafyrirtækjum inn í þær greinar sem hafa verið nær algerlega einokaðar af hinu opinbera má leysa úr læðingi þann kraft sem býr í íslensku athafnafólki og frumkvöðlum. Um leið má bæta þjónustu og fjölga valkostum og fá meira fyrir hverja skattkrónu.

*Verslunarráð Íslands hvetur til þess að ríkisstjórnin efli enn frekar möguleika einstaklinga og fyrirtækja þeirra til þess að sinna velferðarþjónustu.*

## **8. Ísland einn vinnumarkaður**

Íslensk fyrirtæki sem leita tækifæra utan Íslands hafa orðið vitni að margvíslegum hindrunum sem koma í veg fyrir hagkvæman rekstur í ýmsum öðrum löndum. Sveigjanlegur vinnumarkaður er forsenda hagkvæmrar uppbyggingar atvinnulífsins og mikilvægt er að íslensk stjórnvöld haldi áfram að auka þann sveigjanleika sem er á vinnumarkaði hérlendis.

Veikleikar íslensks vinnumarkaðar felast fyrst og fremst í því að í landinu eru tveir vinnumarkaðir; opinberi markaðurinn og einkamarkaðurinn. Það ósamræmi sem ríkir milli þessara tveggja markaða veikir atvinnustarfsemina og gerir allan samanburð erfiðan. Samræma þarf löggjöf varðandi starfsmenn á einkamarkaði og í opinbera geiranum. Engin rök eru fyrir því að sérákvæði gildi um ráðningar og slit á ráðningarsamningi í opinbera geiranum eða að opinberum starfsmönnum sé gert sérstaklega hátt undir höfði í lífeyrismálum.

*Verslunarráð Íslands hvetur til þess að ný ríkisstjórn setji sér markmið um að styrkja íslenskan vinnumarkað og gera hann enn sveigjanlegri með því að draga úr þeim mismun sem er á milli opinbera vinnumarkaðarins og einkamarkaðarins.*

## **9. Árangur með alþjóðavæðingu**

Í athugunum á útrás fyrirtækja kemur fram að allt að 50% aukning geti orðið á fjölda útrásarfyrirtækja á næstu þrem árum og að þau fyrirtæki sem hyggjast hefja strandhögg stefni á allt að helmingi meiri vöxt starfsemi sinnar en önnur fyrirtæki. Útrásarfyrirtækin gætu því á næstu árum og áratugum orðið mjög mikilvæg fyrir íslenskt þjóðfélag og áframhaldandi lífskjarabætur. Fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi eru mjög hreyfanleg og því er brýnt að sköpuð séu góð skilyrði fyrir þessi fyrirtæki þannig að þau velji áfram að vera íslensk. Þá verða tvísköttunar- og fjárfestingarsamningar milli Íslands og annarra landa sífellt mikilvægari með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífsins. Fáar leiðir eru jafn ábatasamar fyrir þjóðfélagið eins og að hraða gerð samninga af þessu tagi við önnur lönd; með þeim geta útrásarfyrirtæki eftl alþjóðlegu starfsemi sína, en jafnframt verið áfram íslensk og þar með íslenskir skattgreiðendur. Þá vill Verslunarráðið benda á að skattlagning starfsmanna útrásarfyrirtækja verður að vera vel samkeppnishæf.

Hin hliðin á alþjóðavæðingu á atvinnulífinu snýst um hvernig laða megi erlend fyrirtæki og fólk til landsins og efla þannig atvinnustarfsemina. Nú eru að skapast einstök tækifæri hérlendis til þess að laða til landsins fyrirtæki sem vilja hagnýta sér góð rekstrarskilyrði hérlendis. Þessi góðu skilyrði vill Verslunarráð Íslands að verði nýtt með samstarfi atvinnulífs og opinberra aðila í þeirri viðleitni að kynna Ísland sem fjárfestingarvalkost á ýmsum sviðum. Til að ná árangri í alþjóðavæðingu þarf þjóðfélagið að vera opið og sýna viðleitni til þess að laða til sín fólk utan frá. Á undanförunum árum hefur fólk flust til Íslands í stórum stíl og mikilvægt er að þjóðfélagið allt nýti sér kraft og frumkvæði þessara nýju Íslendinga.

*Verslunarráð Íslands leggur til að flýtt verði vinnu við aðild og aðlögun Íslands að ýmsum alþjóðlegum samningum á sviði viðskipta. Verslunarráð Íslands leggur jafnframt til að mörkuð verði sú stefna að fólki með menntun verði sköpuð hagstæð skilyrði til búsetu á Íslandi og til þátttöku í uppbyggingu þjóðfélagsins á næstu árum og áratugum.*

## **10. Ísland sem upplýsingasamfélag**

Ísland er meðal forysturíkja í notkun upplýsingatækni einstaklinga og fyrirtækja í heiminum. Íslendingar eiga þess kost að vera áfram í forystu með því að hagnýta upplýsingatækni til að auka verðmætasköpun og bæta lífskjör hérlendis.

Íslensku atvinnulífi og stjórnendum fyrirtækja er ljóst að með aukinni sjálfvirkni í viðskiptum skapast margs konar tækifæri til hagræðingar og verðmætasköpunar. Unnið er að því að gera Ísland að tilraunasamfélagi fyrir rafræn viðskipti. Tilgangurinn er að evrópsk fyrirtæki nýti rafræna tækni til hagræðingar og til að auka viðskipti innan landa og milli landa. Ætlunin er að Ísland verði forystuland á þessu sviði. Tiltekin skilyrði eru forsenda farsællar þróunar slíkra viðskipta, t.a.m. að í gangi séu verkefni á þessu sviði, að vilji atvinnulífs og stjórnvalda sé til staðar og að

fyrir hendi sé þekking og öflugt innra skipulag. Sýnt hefur verið fram á að Ísland uppfyllir þessi skilyrði.

*Verslunarráð Íslands hvetur nýja ríkisstjórn til að styðja við framgang tilraunasamfélags fyrir rafræn viðskipti sem getur verið hvatning fyrir íslenskt samfélag til þess að ná forystu á þessu sviði. Slíkt verkefni getur þýtt umtalsvert hagræði fyrir íslensk fyrirtæki, aukið hróður Íslands sem upplýsingasamfélags og bætt samkeppnisstöðu landsins.*